

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2020

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Haag-samningsins frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum, 150. Löggjafarþing 2019 – 2020. Þingskjal 147 – 147. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri

# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Haag-samningsins frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum

## 150. löggjafarþing 2019-2020.

### Þingskjal 147 – 147. mál.

Rauði krossinn á Íslandi fagnar tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Haag-samningsins frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum.

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu veraldar. Eitt af verkefnum félagsins er að breiða út þekkingu alþjóðlegra mannúðarlaga er gilda í vopnuðum átökum, minna stjórnvöld á skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949 og viðbótarbókunum frá 1977 og 2005, og vekja athygli á öðrum samningum á sviði mannúðarréttar.

Alþjóðaráð Rauða krossins (e. *International Committee of the Red Cross, ICRC*), verndari Genfarsamningana fjögurra frá 1949 og viðbótarbókana við þá, leggur mikla áherslu á að ríki fullgildi alþjóðasamninga á sviði mannúðarréttar og fellur Haag-samningurinn frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum þar undir.

Haag-samningurinn var samþykktur í Haag árið 1954 í kjölfar gríðarlegrar eyðileggingar menningarverðmæta í síðari heimsstyrjöldinni, en samningurinn er sá fyrsti sem einvörðungu beinist að verndun menningararfs í vopnuðum átökum. Með viðbótarbókun II frá 1999 er samningurinn í dag sá umfangsmesti þegar kemur að vernd menningarverðmæta. Órjúfanleg tenging er á milli samningsins og alþjóðlegra mannúðarlaga og mannúðarstarfs en í því samhengi má nefna að vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum tengist einni af grundvallarreglum mannúðarréttarins sbr. skyldu aðila átaka að greina á milli hernaðarlegra skotmarka og borgaralegra eigna (e. *principle of distinction*).<sup>1</sup> Menningarverðmæti njóta einnig sérstakrar verndar í mannúðarlögunum eins og fram kemur í viðbótarbókun við Genfarsamningana frá 1977 þar sem hernaðaraðgerðir gegn menningarverðmætum eru bannaðar.<sup>2</sup>

Haag-samningurinn fjallar að mestu um vopnuð átök en þó fjalla nokkur mikilvægustu ákvæði samningsins um friðartíma og undirbúning varðveislu menningarverðmæta. Slíkur undirbúningur myndi gera Íslandi kleift að renna styrkum stoðum undir vernd menningarverðmæta m.a. á tímum náttúruhamfara eins og jarðskjálfta, eldgosa og flóða, en einnig stuðla að samhæfðari viðbrögðum viðbragðsaðila við þeirri vá er steðjar að hverju sinni.

Í dag eru 133 ríki aðilar að Haag-samningnum og eiga 110 ríki aðild að viðbótarbókun I og 82 ríki að viðbótarbókun II, en fjöldi þeirra ríkja fer vaxandi sem íhuga að gerast aðilar að samningnum eða eru með samninginn í innleiðingarferli.

<sup>1</sup> Skv. 48. gr. viðbótarbókunar I frá 1977 “Grundvallarregla”

<sup>2</sup> Skv. 53. gr. viðbótarbókunar I frá 1977 “Vernd menningarverðmæta og bænastaða”

Rauði krossinn á Íslandi hefur á undanförunum árum lagt áherslu á fullgildingu Íslands á Haag-samningnum, meðal annars á vettvangi landsnefndar um mannúðarrétt, en Rauði krossinn á fulltrúa í nefndinni. Nefndin hefur, meðal annars, fundað með fulltrúum Bláa skjaldarins til að heyra þeirra sýn á mikilvægi Haag-samningsins fyrir Ísland og íslensk menningarverðmæti.

Með fullgildingu Haag-samningsins frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum og innleiðingu hans stuðla íslensk stjórnvöld ekki einungis að varðveislu og vernd menningarverðmæta landsins, heldur styrkir innleiðing hans einnig mikilvægi Haag-samningsins á alþjóðavísu þar sem aðildarríki samningsins njóta góðs af gagnkvæmri skuldbindingu sinni gagnvart samningnum á tímum vopnaðra átaka.

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta utanríkismálanefnd til þess að ræða ofangreinda umsögn og svara spurningum sé þess óskað.